

AÐALFUNDUR ÍSLANDSSJÓÐA HF.

29. mars 2019, kl. 16:00

Norðurturn, 9. Hæð, Hagasmára 3, 201 Kópavogi

Salur: Katla

Fundargerð aðalfundar Íslandssjóða hf. 29. mars 2019. Fundurinn var haldinn í Norðurturni að Hagasmára 3, 201 Kópavogi. Fundur settur kl. 16:00.

Setning fundar og kjör fundarstjóra

Tanya Zharov, stjórnarformaður Íslandssjóða hf., setti fundinn kl. 16:00. Tanya bauð hluthafa og gesti velkomna á aðalfund Íslandssjóða hf. og lagði til að Birgir Ottó Hillers, lögfræðingur hjá Íslandssjóðum hf., yrði kjörinn fundarstjóri. Engar athugasemdir voru gerðar við þá tillögu og var hún samþykkt samhljóða. Fundarstjóri þakkaði fyrir traustið sem honum væri sýnt og gekk til dagskrár.

I. Kosning fundarritara

Gerð var tillaga um að Edda Björk Agnarsdóttir, áhættustjóri Íslandssjóða, sjái um fundarritun og var það samþykkt samhljóða.

II. Lögmæti fundarins

Fundarstjóri tók fram að til fundar hefði verið boðað með löglegum hætti, með 14 daga fyrirvara og það væri í samræmi við 7. gr. samþykktu félagsins. Á fundinn væru mættir fulltrúar hluthafa sem fara samanlagt með 100% hlutafjár í félaginu. Fundurinn væri því lögmætur.

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrár.

III. Boðuð dagskrá

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár
2. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til staðfestingar
3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar á reikningsárinu 2018
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar
5. Kosning stjórnar: Kosning stjórnarformanns, varaformanns og meðstjórnenda
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda stjórnar
7. Kosning endurskoðunarfélags fyrir félagið
8. Önnur mál löglega fram borin

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár

Fundarstjóri gaf stjórnarformanni orðið.

Stjórnarformaður fór yfir skýrslu stjórnar síðastliðið starfsár hvað varðar helstu atriði í rekstri Íslandssjóða hf. Samkvæmt rekstarreikningi nam hagnaður af rekstri félagsins 278 milljónum króna og heildartekjur námu 1.470 milljónum króna árið 2018. Eigið fé nam 2.275 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi í lok ársins. Eiginfjárlutfall félagsins var 65,1%, en lögbundið lágmark er 8%.

Í árslok 2018 voru 27 verðbréfa- og fjárfestingasjóðir í rekstri og stýringu hjá félaginu og hrein eign þeirra nam um 148 milljörðum króna og um tíu þúsund fjárfestar eiga fjármuni í sjóðum félagsins. Á meðal sérhæfðra fjárfestinga eru FAST-1 slhf., Akur fjárfestingar slhf., Eldey TLH hf., Fast-3, þróunarsjóðurinn Langbrók, 105 Miðborg slhf., Alpha hlutabréf, LPEII og Hrávörusjóðurinn.

Þá fór stjórnarformaður yfir starfsemi á árinu og stjórnarhætti. Greint var m.a. frá að á starfsárinu 2018 voru haldnir 13 stjórnarfundir, 3 fundir í endurskoðunarnefnd og 1 fundur í starfskjaranefnd. Stjórn Íslandssjóða metur árlega störf sín og framkvæmdastjóra, verklag og starfshætti.

Því næst var upplýst um að viðurkenning sem Íslandssjóðum hf. var veitt árið 2013, um að vera fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum, hafi verið endurnýjuð á liðnu ári og að félagið hafi fengið viðurkenning frá Credit Info sem framúrskarandi fyrirtæki árið 2018 ásamt því að hafa verið valið fyrirmyndarfyrirtæki af Viðskiptablaðinu og Keldunni. Greindi stjórnarformaður frá því að góður árangur var í vexti félagsins útfrá ólíkum mælikvörðum, þar að meðal markaðshlutdeild, ávöxtun viðskiptavina, starfsánægju, öflugri vörupróun ásamt tekjum og hagnaði félagsins.

Stjórnarformaður þakkaði meðstjórnendum, framkvæmdastjóra og starfsmönnum Íslandssjóða hf. fyrir góðan árangur og gott samstarf.

Framkvæmdastjóri tók næst til máls og fór yfir skipurit félagsins. Greindi framkvæmdastjóri frá að árið 2018 var sterkt fyrir Íslandssjóði þrátt fyrir að sjóðamarkaður hafi verið erfiður, en markaður verðbréfasjóða í heild minnkaði um 20 milljarða króna á árinu. Á sama tíma voru sjóðir Íslandssjóða að stækka um 24 ma.kr. Markaðshlutdeild verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Íslandssjóða óx verulega á árinu en miðað við 1. janúar 2019 eru Íslandssjóðir með stærstu hlutdeildina á markaðnum eða 31,6%.

Framkvæmdastjóri fór næst yfir samfélagslega ábyrgð Íslandssjóða en félagið er einn stofnaðila samtaka um ábyrgar fjárfestingar á Íslandi sem stofnuð voru í nóvember 2017 og kallast Iceland SIF. Þá undirrituðu Íslandssjóðir í desember 2017 samstarfssamning við PRI (Principles for Responsible Investment) sem eru sjálfstæð samtök um ábyrgar fjárfestingar og njóta stuðnings tveggja aðildarfélaga Sameinuðu þjóðanna. Stefna Íslandssjóða um ábyrgar fjárfestingar var svo samþykkt af stjórn 2018.

Ákveðið var að taka upp nýtt merki, litur og letur fyrir Íslandssjóði á árinu og uppfæra kynningarefni félagsins. Markaðssetning á sjóðum félagsins fer þó að mestu fram undir merkjum stærsta söluaðila sjóðanna sem er Íslandsbanki.

Því næst var farið yfir sviðin „Skuldabréfasjóðir“, „Blandaðir sjóðir“, „Hlutabréfasjóðir“ og „Eignastýring“ og vörur þeirra, árangur samanborið við samkeppni og þróun eigna í stýringu yfir árið. Tveir nýir sjóðir voru stofnaðir á árinu. Annars vegar fjárfestingarsjóðurinn IS Græn skuldabréf sem fékk mjög jákvæða athygli og hins vegar Hrávörusjóðurinn sem er fagfjárfestasjóður.

Útskýrðir voru þeir fjárfestingarkostir sem flokkast undir sérhæfðar fjárfestingar og fór framkvæmdarstjóri yfir helstu fjárfestingar í sérhæfðum fjárfestingum á árinu. Þá fór framkvæmdastjóri yfir stöðuna í

fasteignaverkefnum FAST-1, FAST-3 og 105 Miðborgar. Sala eigna FAST-1 lauk á árinu auk þess sem fjármögnun 105 Miðborgar lauk snemma á árinu og framkvæmdir hófust. Þróunarsjóðurinn Langbrók keypti lóð Kirkjusands og gamla húsnæði Íslandsbanka í lok árs.

Fundarstjóri þakkaði stjórnarformanni og framkvæmdastjóra fyrir sín erindi og gaf orðið laust. Enginn tók til máls um skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár.

2. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til samþykktar

Fundarstjóri bar ársreikning Íslandssjóða hf. upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar á reikningsárinu 2018

Fundarstjóri lagði tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar fyrir fundinn.

Stjórn Íslandssjóða hf. leggur til við aðalfund að greiddur verði út arður að fjárhæð 278 milljónir króna vegna reikningsársins 2018, sem samsvarar öllum hagnaði ársins.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að aðalfundur samþykki breytingar á starfskjarastefnu félagsins sem samþykktar hafa verið af starfskjaranefnd og stjórn félagsins. Starfskjarastefnan er svohljóðandi:

„STARFSKJARASTEFNA ÍSLANDSSJÓÐA HF.

1. gr. Markmið

Íslandssjóðir leggja áherslu á að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk. Markmið starfskjarastefnunnar er að gera starf hjá félaginu að eftirsóknarverðum kosti fyrir hæft starfsfólk og þar með tryggja samkeppnishæfni félagsins, framþróun og viðunandi arðsemi.

Starfskjarastefnan skal stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið og ekki hvetja til óeðlilegrar áhættusækní. Íslandssjóðir leggja áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum.

Starfskjarastefnan er sett á grundvelli 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög og tekur mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Í samræmi við lögin skal starfskjarastefna félagsins lögð fram til samþykktar á aðalfundi.

2. gr. Viðmið starfskjarastefnu

Íslandssjóðir eru dótturfélag Íslandsbanka hf. Í almennri eigendastefnu Íslandsbanka frá 7. júní 2018 leggur bankinn áherslu á að dótturfélög hans setji sér skýra starfskjarastefnu. Jafnframt að starfskjarastefna og forsendur hennar séu kynntar fyrir hluthöfum tímanlega fyrir aðalfund þannig að hluthafar geti tekið upplýsta afstöðu til stefnunnar. Í eigendastefnunni segir að við ákvörðun um endurgjald fyrir stjórnarsetu skuli taka eðlilegt tillit til umfangs og eðlis rekstrar, ábyrgðar og vinnuframlags.

Samkvæmt starfskjarastefnu Íslandsbanka stuðlar bankinn að því að starfskjarastefnur dótturfélaga hans séu samkeppnishæfar en hóflegar og ekki leiðandi. Samkeppnishæf starfskjarastefna í þessum skilningi felur í sér að félagið eigi að geta laðað að og haldið hæfu starfsfólki og geti verið samkeppnishæft um starfsfólk án þess að vera leiðandi í launaþróun. Félaginu ber að líta til launaþróunar almennt. Launakjör fyrirtækja sem eru með því allra hæsta sem tíðkast á vinnumarkaði eru talin leiðandi.

Hófsemi felur í sér að ákvarðanir um laun séu teknar með varkárum hætti og stuðli ekki að auknum launamun innan félagsins. Forðast skal miklar launabreytingar á stuttu tímabili. Þess í stað er æskilegra að laun séu hækkuð með reglubundnum hætti til samræmis við almenna launaþróun. Laun og önnur hlunnindi skulu vera einföld og gagnsæ eins og kostur er.

3. gr. Starfskjaranefnd

Hjá Íslandssjóðum starfar starfskjaranefnd sem er skipuð tveimur stjórnarmönnum Íslandssjóða. Hlutverk starfskjaranefndar er m.a. að vera leiðbeinandi fyrir stjórn og framkvæmdastjóra um starfskjör félagsins. Hlutverk nefndarinnar er útfært nánar í erindisbréfi sem birt er á heimasíðu Íslandssjóða.

4. gr. Starfskjör stjórnarmanna

Stjórnarmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar félagsins, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Stjórn skal leggja fram tillögu á aðalfundi félagsins um þóknun fyrir komandi starfsár. Við ákvörðun um fjárhæð þóknunar skal taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins. Óheimilt er að gera starfslokasamninga við stjórnarmenn.

5. gr. Starfskjör framkvæmdastjóra

Starfskjör framkvæmdastjóra skulu vera samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi, sbr. 2. gr. þessarar starfskjarastefnu.

Ekki skal gera samning við framkvæmdastjóra sem felur í sér starfslokagreiðslur, umfram ákvæði ráðningarsamnings, kjarasamninga og skyldur samkvæmt lögum. Samningsbundinn uppsagnarfrestur framkvæmdastjóra skal ekki vera lengri en sex til tólf mánuðir.

6. gr. Breytilegir kjarapættir

Íslandssjóðir skulu ekki gera samninga um kaupauka, þ.e. starfskjör sem eru skilgreind með árangri og eru ekki þáttur í föstum starfskjörum, þar sem endanleg fjárhæð liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrirfram.

Ef stjórn félagsins hyggst taka upp kaupaukakerfi þarf áður að fá samþykki hluthafafundar.

7. gr. Upplýsingagjöf

Íslandssjóðir skulu gera grein fyrir kjörum stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í ársreikningi sínum.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á heimasíðu félagsins.

8. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefnan skal tekin til afgreiðslu á aðalfundi Íslandssjóða og borin undir fundinn til samþykktar, synjunar eða breytingar.

Heimilt er að endurskoða starfskjarastefnuna oftár en árlega og skulu breytingar þá lagðar fyrir hluthafafund til samþykktar.

Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn. Stjórn skal færa til bókar í fundargerðarbók frávik frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávik studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. Kosning stjórnar: Kosning stjórnarformanns, varaformanns og meðstjórnenda

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeim aðilum sem gefið hafa kost á sér til setu í stjórn félagsins og varastjórn.

Í aðalstjórn félagsins:

Jensína Kristín Böðvarsdóttir
Kristján Björgvinsson
Sigurður B. Stefánsson
Tanya Zharov

Í varastjórn félagsins:

Jón Eðvald Malmquist
Hólmfríður Einarsdóttir

Stjórnin var sjálfkjörin þar sem ekki bárust aðrar tillögur um stjórnarmenn og engin mótframboð komu fram.

Tanya Zharov var kjörin stjórnarformaður og Kristján Björgvinsson var kjörinn varaformaður.

6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda stjórnar

Fundarstjóri lagði tillögu stjórnar við aðalfund fyrir fundinn um að aðalfundur samþykki að þóknun til hvers stjórnarmanns verði óbreytt frá síðasta aðalfundi og sé eftirfarandi:

Þóknun til hvers stjórnarmanns verði kr. 262.000 á mánuði, stjórnarformaður fái greidd kr. 525.000 á mánuði og að varamenn fái 105.000 kr. fyrir hvern setinn fund.

Varamenn fái greitt fyrir einn stjórnarfund í upphafi starfsárs óháð mætingu.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri lagði því næst fram tillögu stjórnar við aðalfund um að aðalfundur samþykki að þóknun til endurskoðunarnefndar verði óbreytt frá síðasta aðalfundi og sé eftirfarandi:

Þóknun til hvers nefndarmanns verði kr. 205.000 á ári og formaður kr. 255.000 á ári.

Fundarstjóri lagði að lokum fram tillögu stjórnar við aðalfund um að aðalfundur samþykki að þóknun til hvers nefndarmanns starfskjaranefndar verði óbreytt frá síðasta aðalfundi og sé kr. 100.000 á ári.

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

7. Kosning endurskoðunarfélags fyrir félagið

Fundarstjóri benti á að endurskoðunarfyrirtækið Ernst & Young ehf. hafi verið kosið sem endurskoðandi Íslandssjóða hf. til fimm ára á aðalfundi félagsins 2015 og því hafi ekki verið tilefni til að hafa kosningu endurskoðanda á dagskrá þessa aðalfundar.

8. Önnur mál löglega fram borin

Fundarstjóri spurði því næst hvort stjórn félagsins eða fulltrúar hluthafa kysu að bera upp önnur mál.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka hf. sem fer jafnframt með eignarhlut Íslandsbanka hf. í félaginu samkvæmt eigendastefnu bankans, óskaði eftir að fá að taka til máls og þakkaði stjórn, stjórnendum og starfsmönnum fyrir vel unnin störf og gott samstarf á undanförunum árum. Hrósaði Birna félaginu jafnframt fyrir frábæran árangur og þá sérstaklega með þau skref sem tekin hafa verið í ábyrgum fjárfestingum og samfélagslegri ábyrgð.

Fleiri mál voru ekki borin upp.

Fundarstjóri fékk heimild fundarins til að ganga frá fundargerð í samráði við fundarritara og sagði fundarstjóri aðalfundi Íslandssjóða hf. árið 2019 slitið kl. 17:02.

Reykjavík, 29. mars 2019

Edda Björk Agnarsdóttir

Birgir Ottó Hillers